



Hjólreiðaáætlun fyrir
Ísafjarðarbæ 2021–25

Inngangur

Hjólreiðar eru heilsusamlegar og umhverfisvænar. Þær auka frelsi—sérstaklega barna og unglinga. Auknar hjólreiðar draga fólk úr bílum sem skapa hversdagsleg mannamót, fleiri staði til að stoppa og spjalla. Þannig verður bæjarbragurinn enn betri.

Meðal fullorðins fólks á Íslandi eru Vestfirðingar duglegastir að hjóla og ganga til vinnu og skóla. Ísafjarðarbær er nefnilega að mjög mörgu leyti í öfundsverðri stöðu. Staða virks ferðamáta er betri en víðast á landinu. Hámarkshraði í þéttbýli er lágur. Eyrarnar eru flatar og vegalengdir stuttar. Staðan er síðri meðal grunnskólanema. Við viljum verða best á landinu í öllum aldurshópum. Það er hægt.

Þessi áætlun tekur til daglegrar notkunar reiðhjóla sem fararmáta. Það er því meðvituð ákvörðun að **undanskilja hér keppnishjólreiðar, fjallahjólreiðar og langferðahjólreiðar**. Kemur það til af nokkrum ástæðum. Í fyrsta lagi eru hjólreiðar af þessu tagi um margt eðlisólíkar daglegum hjólreiðum og því áætlun sem nærði til beggja liða ómarkviss. Í öðru lagi er um keppnis- og fjallahjólreiðar sérstök deild innan Vestra, sem aftur er hluti af Héraðssambandi Vestfirðinga. Þar með falla þær hjólreiðar undir kerfi uppbyggingarsamninga og annað stuðningskerfi sem eiga þar við. Á sama tíma er þessi tegund hjólreiða hluti af grasrótarstarfi sem er heppilegt fyrirkomulag. Þetta breytir ekki því að sveitarfélagið getur komið að hvoru tveggja, til dæmis í tengslum við stefnumótun skíðasvæðanna í Tungudal og Seljalandsdal.

Aftur á móti tekur stefnan til notkunar á **rafhjólum, rafhlaupahjólum, hjólabrettum, léttum rafmagnsvespum, rafskutlum og öllum öðrum hjólum** og léttum fararskjótum. Allar tegundir hvetja til meiri útivistar, meiri samveru, hreyfingar og minni bílanotkunar. Þá tekur stefnan til hjólreiða í því sem kalla mætti léttari útivist.

Hjólástígar eru ekki skilgreindir í stjórnkerfi Ísafjarðarbæjar heldur göngustígar sem marga hverja mætti kalla göngu- og hjólástíga.

Þau gögn sem safnað er með reglubundnum hætti snúa að svokölluðum „virkum ferðamáta“, þ.e. göngu eða notkun reiðhjóla saman. Meira virði er að gögnum sé safnað á reglubundinn hátt heldur en gera sérstaka könnun á hlutfalli milli þessara tveggja ferðamáta. Út frá lýðheilsusjónarmiði skiptir það heldur ekki öllu máli, og oft er það þannig að þessum ferðamátum er blandað saman. Þá er ljóst að gögnin sem safnað er snúa að heilbrigðisumdæmi Vestfjarða í heild en ekki

Nokkrar áskoranir eru þó áfram. Ósennilegt er að hjólreiðar geti orðið daglegur fararmáti milli Ísafjarðar annarsvegar og annarra byggðakjarna sveitarfélagsins eða nágrannasveitarfélaga. Vegna fólksfæðar er ólíklegt að hægt sé að bæta almenningssamgöngur að mun. Þó eru spennandi tækifæri á öðrum sviðum, til dæmis í áhuga rafhlaupahjólaleigum og hjólaleigum, sem bærinn ætti að liðka fyrir að hasli sér völl á svæðinu. Nú þegar liggur fyrir einn samningur þar að lútandi.

Markmiðin eru ekki tæmandi listi yfir aðgerðir sem hægt er að fara út í. Um margar aðrar aðgerðir þarf að nást samstaða milli margra aðila eða snúa að málefnum sem ekki eru á forræði Ísafjarðarbæjar.

Slíkt geta til dæmis verið átaksverkefni á vinnustöðum og skólum, breytingar á bílastæðum, samgöngustyrkir, breytingar á almenningssamgöngum og breytingar á vegum á forræði Vegagerðarinnar. Þá mætti skoða að breyta götum í göngugötur, til dæmis tímabundið þegar skemmtiskip eru í höfn. Það er því áfram verkefni allra að stuðla að heilsusamlegum og umhverfisvænum samgöngum, hver með sínu nefi.

Gylfi Ólafsson, fulltrúi Í-lista í Íþrótt- og tómstundanefnd, skrifaði áætlunina í umboði nefndarinnar. Var hún tekin fyrir á fundi hennar 20. október, og bæjarráði 22. nóvember og bæjarstjórn 2. desember 2021.

Tengsl við aðrar stefnur


- Aðalskipulag
 - Gildandi aðalskipulag gerir til dæmis ráð fyrir hraðaminnkandi aðgerðum í Hrannargötu.
 - „Innan þéttbýlissvæða verði áhersla lögð á það að gera net göngu- og hjólaleiða sem verði raunhæfur valkostur í samgöngum“ segir í viðauka D.
 - Sjá annars viðauka 3.
 - Aðalskipulag er í endurskoðun.
- Í gildi er **forgangsáætlun vegna snjómoksturs** frá 2016. Þar eru göngustígar (hjólastígar) innifaldir í forgangsöröðun. Forgangsöröðun er alltaf erfið og hér er ekki gerð sérstök athugasemd við uppleggið í gildandi áætlun.
- **Umferðaröryggisáætlun** frá 2013, staðið hefur til að uppfæra hana en hún stendur samt sem gildandi plagg.
- **Ísafjörður – okkar miðbær og Nýsköpunarbærinn Ísafjörður**, er verkefni á vegum Vestfjarðastofu sumarið 2021.
- Mál 2020050011, tillaga Örnú Láru Jónsdóttur um gerð **hjólastígs í Hafnarstræti og Aðalstræti** var lögð fyrir bæjarráð í maí 2020. Bæjarráð tók vel í tillöguna og fól bæjarstjóra að vinna frekar með málið.
- **Heilsubærinn Ísafjörður** er samráðsvettvangur Ísafjarðarbæjar, embættis landlæknis og Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða. Héraðssamband Vestfirðinga hefur einnig aðkomu að verkefninu.

Markmið: Aukin hlutdeild hjólreiða í þremur aldurshópum

Sett eru fram þrjú markmið. Þau ná hvert til síns aldurshóps. Gögnum er safnað reglulega í tengslum við ýmsar rannsóknir. Sum gögn eru eða hafa verið birt sem lýðheilsuvísar, en þó þau séu ekki birt er þeim safnað árlega. Gögn fyrir fyrra ár eru birt yfirleitt í júní. Markmið eru sett fyrir 2024 en þær tölur eru birtar 2025.

Undirmarkmið	Staða	Lands- meðaltal	Markmið 2024
Hlutfall nemenda í 8.–10. bekk sem hjóla eða ganga í skólann á venjulegum degi	44% (2019)	58%	58%
Hlutfall framhaldsskólanema sem gengur eða hjólar til vinnu/skóla 3x≤/viku.	25% (2019)	20%	28%
Fullorðnir: Hlutfall fullorðinna sem gengur eða hjólar til vinnu/skóla 3x≤/viku.	34% (2020)	17%	40%

Nemendur í 8.–10. bekk




MYND 1: HLUTFALL NEMENDA Í 8.–10. BEKK SEM GANGA EÐA HJÓLA Á VENJULEGUM DEGI Í SKÓLANN. TÖLUR FRÁ EMBÆTTI LANDLÆKNIS FYRIR 2019.

Á myndinni fyrir ofan sést að nemendur í efstu bekkjum grunnskóla ganga og hjóla minna til og frá skóla á venjulegum degi. Hluta skýringarinnar má sennilega finna í því að ekki eru skólar í Holtahverfi eða Hnífsdal og því nýta nemendur þar almenningssamgöngur eða einkabíla. Það breytir ekki því að alltaf er hægt að fjölga þeim dögum þar sem nemendur fara þar á milli á hjólum eða léttum farskjótum.

Markmið árið 2024 er sett í **58%**, sem er talsverð hækkun frá því sem nú er en jafnt landsmeðaltali miðað við síðustu mælingu og ætti því að vera gerlegt.

Framhaldsskólanemar




MYND 2: NOTKUN VIRKS FERÐAMÁTA MEÐAL FRAMHALDSSKÓLANEMA 2019.

Vestfirðir standa aðeins betur en landsmeðaltal þegar kemur að notkun virks ferðamáta framhaldsskólanema. Athygli vekur hve hlutfallið lækkar hratt milli grunnskóla og framhaldsskóla og að notkun virks ferðamáta er minni meðal framhaldsskólanema heldur en fullorðinna almennt.

Markmið árið 2024 er sett í **28%**, sem er lítilsháttar hækkun frá því sem nú er.

Fullorðið fólk



MYND 3: NOTKUN VIRKS FERÐAMÁTA TIL OG FRÁ SKÓLA/VINNU ÞRISVAR Í VIKU EÐA OFTAR. VIKMÖRK FYRIR VESTFIRÐI ERU SÝND MEÐ GRÁUM LÍNUM.

Gagnasafnið yfir notkun virks ferðamáta til og frá vinnu eða skóla nær aftur til ársins 2007. Þar sést að Vestfirðingar hafa verið duglegir að ganga og hjóla. Talsverðar sveiflur eru í tölunum fyrir Vestfirði sem er sennilega vegna fárra svara ekki endilega hægt að lesa mikið í sveiflur milli einstakra ára.

Markmið árið 2024 er sett í **40%**, sem er lítilsháttar hækkun frá því sem nú er en lægra en hæsti punktur 2016.

Aðgerðir: Bættir innviðir og sýnilegri hjólreiðar

Aðgerð 1: Hjólavísar á 30 götur

Í Skutulsfirði er annars búið að gera aðskilda stíga meðfram öllum götum sem eru með mikla umferð og hámarkshraða hærri en 30 km/klst. Annars staðar er umferð fremur lítil og lágur hámarkshraði. Þar þarf ekki sérstaka hjólastíga, en oft geta bættar merkingar gert mikið gagn.

Þannig undirstrika hjólavísar fyrir vegfarendum að vegurinn er sameign. Hjólavísar hjálpa fólki á reiðhjólum, rafhlaupahjólum og rafskutlum af gangstéttum þar sem gangstéttakantar, fjöldi þvera og gangandi vegfarendur tefja för.

Markmiðið er að mála hjólavísa á 30 götur, sjá götulistu í viðauka.

Ábyrgð: Umhverfis- og eignasvið.

Aðgerð 2: Hjóllaleið frá Túngötu að Edinborgarhúsi

Götumerkingar í Hafnarstræti þarf að lagfæra, mála hjóllaleið, færa bílastæði og gera á nokkrum stöðum breytingar á yfirborði. Tillögum er lýst í viðauka. Hægt er að skipta verkinu upp í tvo áfanga þar sem fyrri áfanginn tekur eingöngu til merkinga, en seinni breytinga á yfirborði, hellulögn og þess háttar.

Hafnarstrætið er mjög breitt alla leið frá Hrannargötu að Austurvegi, og því mun hjólastígur ekki þrengja meira að umferðinni en svo að hraðakstur ætti að minnka. Á sumum stöðum getur hentað að setja bílastæði samsíða hjólastígnum til að einangra hjólastíginn frá umferðinni og þrengja enn frekar að götunni. Þetta getur þó gert snjómokstur erfiðari, sem að öðru leyti verður ekki fyrir neinum áhrifum af þessum aðgerðum. Passa þarf að vera ekki of nálægt gangstéttinni því þar er víða hliðarhalli í kringum niðurföll.

Þegar komið er framhjá Hamraborg fer best á því að hjólavísar séu merktir á götuna. Undirbúningur er langt kominn að breytingum á göturýminu frá Silfurtorgi niður að Skipagötu. Þaðan er gatan rúm niður að Edinborgarhúsi.

Ábyrgð: Umhverfis- og eignasvið.

Aðgerð 3: Aðgreind hjóllaleið við Holtahverfi

Nokkuð er síðan Holtahverfi og Hnífsdalur voru tengd Skutulsfjarðareyri með göngu- og hjólastígum. Þó þörf sé á minniháttar viðhaldi standast þeir tímans tönn prýðilega. Þó hann tengi ekki íbúðahverfi er fullt tilefni til að halda til streitu áætlunum um hjólastíg frá Árholti að Hafrafellshálsi, sem lengi hefur staðið til að gera. Þar með næst tenging við heilsumíluna, frábæra útivistarleið. Samhliða má leggja það til við þá sem því stjórna að hámarkshraði lækki í 60 km/klst strax við afleggjarann við flugvöllinn. Þannig verður fyllingin og brúin yfir fjörðinn aðeins manneskjulegri fyrir hjólandi og gangandi.

Ábyrgð: Umhverfis- og eignasvið.

Aðgerð 4: Hjólaskýli við alla grunnskóla

Sett verði hjólaskýli við alla grunnskóla bæjarins. Ekki verði svokallaðir gjarðabandar inni í skýlunum. Einnig verði þar boðið upp á læsanlegar festingar fyrir rafhlaupahjól.

Ábyrgð: Umhverfis- og eignasvið, skóla- og tómstundasvið.

Aðgerð 5: Bættar merkingar

Merkingar eru ódýr kostur til að ýta undir hjólreiðar og er víða hægt að bæta. Hér eru

- Merkingar um hjólastæði hvar geyma má hjól.
- Merki „nema hjólandi“, sem setja má undir mörg „innakstur bannaður“-skilti hringinn í sveitarfélaginu.
- Yfirborðsmerkingar um að stígar séu sameign hjólandi og gangandi.

Ábyrgð: Umhverfis- og eignasvið.

Aðgerð 6: Hjólainnviðir í þremur kortagrunnum

Ísafjarðarbær hefur komið upp talsverðu af hjólainnviðum sem ekki sést í kortagrunnum. Slík kort eru notuð á vefjum og öppum af ýmsu tagi.

- OpenStreetMap er opinn og frjáls grunnur sem mörg forrit og öpp nýta, t.d. Strava og OpenCycleMap.
- Google Maps hefur ekki enn kveikt á reiðhjóla leiðsögn fyrir Ísland en Reykjavík hefur það sem eitt af markmiðum sínum að bæta því við, og þegar það gerist ætti Ísafjarðarbær að stökkva til.
- Já.is hefur opnað fyrir leiðsögn fyrir reiðhjól en þær leiðbeiningar eru enn á götum en ekki hjólstígum í Ísafjarðarbæ.

Ábyrgð: Umhverfis- og eignasvið.

Aðgerð 7: Ferðavenjukannanir

Gerðar skulu a.m.k. tvær ferðavenjukannanir meðal a.m.k. tveggja af þeim hópum sem undirmarkmiðin snúa að. Þar skal þýðið þrengt eftir kosti að íbúum Ísafjarðarbæjar og svör greind niður eftir göngu og hjólreiðum, sbr. umræðu í inngangi um takmarkanir núverandi gagna. Þá væri gagnlegt ef ferðavenjukönnun yrði framkvæmd meðal starfsmanna Ísafjarðarbæjar. Mögulegt er að slíkar kannanir

séu gerðar í samstarfi við Vestfjarðastofu sem reglulega gerir kannanir um ýmis mál. Niðurstöður úr könnuninni skulu ræddar á rýnifundum og skoðast við túlkun á því hvort markmið áætlunarinnar hafi náð fram að ganga.

Ábyrgð: Bæjarstjóri.

Aðgerð 8: Hjólaleið frá hringtorgi að Byggðasafni og þaðan að Sundahöfn

Meðfram Pollgötu, niður Suðurgötu og niður Ásgeirsgötu að Sundahöfn er nú þegar vísir að hjólaleið og á Ásgeirsgötu hjóla- og gönguleið. Göturnar eru breiðar og tilvalið að ramma þær skýrt inn með hjólaleiðum.

Ábyrgð: Umhverfis- og eignasvið.

Aðgerð 9: Viðhald og uppbygging innviða taki mið af fjölbreyttum fararmátum

Á áætlun er að gera göngustíg sjávarmegin við húsin í Sundstræti á Ísafirði. Einnig eru langt komnar hugmyndir um göngustíg fyrir ofan Þingeyri. Huga þarf að hjólamerkingum og að frágangur henti bæði hjólandi og öðrum fararmátum sem falla undir þessa áætlun, svo sem rafhlaupahjólum. Almennt skal litið til þess þegar gangstéttir eru gerðar og yfirborð gatna í sveitarfélaginu lagað, að það henti öllum fararmátum, einkum þannig að engar skarpar brúnir séu milli gangstéttar og götu.

Ábyrgð: Umhverfis- og eignasvið.

Aðgerð 10: Árlegir rýnifundir

Lýðheilsuvísar eru birtir í júní. Vegna þess hve margir aðilar tengjast hjólreiðum (skólar á öllum skólastigum, tvær nefndir á vegum bæjarins, skóla- og tómstundasvið, umhverfis- og eignasvið, ungmennaráð, heilbrigðisstofnun, mögulega Vestfjarðastofa og fleiri), þarf að forgangsraða eftir atvikum hvaða aðilar eru teknir að borðinu. Vegna áherslu börn, ungmenni og tengingu við íþróttamál, skal sviðsstjóri skóla- og tómstundasviðs bera ábyrgð á að halda árlegan rýnifund til að fara yfir tölur, stilla saman strengi og eftir atvikum gera breytingar á hjólreiðaáætluninni.

Ábyrgð: Skóla- og tómstundasvið.


Viðauki 1: Hjólabraut frá Túngötu að Hamraborg

Í fyrri áfanga er veghlutinn frá Hrannargötu til Hamraborgar. Í seinni áfanga er hlutinn frá Túngötu að Hrannargötu auk breytinga á gangstétt milli Mánagötu og Mjallargötu.

Þær tillögur sem hér koma fram eru skissur til að gefa mynd af aðstæðum. Bent er sérstaklega á hönnunarleiðbeiningar fyrir hjólréiðar frá Vegagerðinni frá 2019 sem veita hjálp við fullhönnun.

Áfangi 1: Hrannargata–Mánagata

Merking meðfram götunni norðaustanverðri. Óformleg bílastæði víkja og en merkt bílastæði verða áfram hinum megin við veginn.



Áfangi 1: Mánagata–Mjallargata (breytingar á gangstétt í áfanga 2)


Merking niður með götunni. Bílastæði við Snerpu lokast inni en gætu áfram verið nothæf. Áfram eru næg bílastæði hinum megin við götuna og í Mjallargötunni.

Í 2. áfanga verði bílastæðin upp við húsið tekin og gangstéttin breikkuð sem því nemur. Þetta er í skjóli fyrir norðanátt, svo bekkur og blómaker myndu sóma sér vel.



Áfangi 1: Mjallargata-Pólgata

Merking niður með götunni. Tvö bílastæði handan hjólastígsins mætti merkja, þar sem þau eru samsíða götunni skapa þau hjólréiðafólki minni hættu en bílastæði sem eru á ská (sbr. hjá Snerpu).



Áfangi 1: Pólgata-Hafnarstræti



Áfangi 2: Túngata-Sólgata

Að mestu er auðvelt að merkja götuna frá Túngötu niður að bílastæði við kirkjuna. Þar er kantsteinn og fjörugrjót sem rífa þarf upp og eftir atvikum malbika eða helluleggja í staðinn. Nægt pláss er til að merkja bílastæði götumegin við hjólastíginn, mögulega þarf að færa miðlínu götunnar sem því nemur.



Þegar komið er inn á bílastæðið við kirkjuna eru tveir kostir. Annaðhvort að hafa stíginn upp við gangstéttina eða hinum megin við bílastæðin. Sennilega er hreinlegast að færa bílastæðin aðeins utar. Næg bílastæði eru allt um kring; upp Hafnarstrætið, í Sólgötu, Hrannargötu og bílastæðinu þar á milli og við Eyri. Það er talsverður hliðarhalli upp við gangstéttina svo einhverjar lagfæringar á yfirborði eru nauðsynlegar, sjá einnig næsta kafla.




Áfangi 2: Sólgata–Hrannargata

Hraðakstur í gegnum Sólgötu hefur lengi verið vandræðamál. Hornið við rauða húsið er frekar blint og ökumenn eru með hraðablindu eftir aksturinn frá Bolungarvík eða Hnífsdal.

Núverandi lausn er óviðunandi fyrir gangandi vegfarendur, þar sem tvö hlið sitthvoru megin við götuna gera gangandi og hjólandi mjög erfitt fyrir, auk þess sem það tefur fyrir snjómokstri.

Gera þarf á þessu bragarbót með hraðahindrunum milli rauða hússins og kirkjunnar. Auk þess þarf að gera yfirborðsbreytingar á grasinu milli Hrannargötu og Sólgötu. Mögulega er heppilegra upp á snjómokstur og fleira að setja hjólastíg þar sem rósarunninn er núna, sérstaklega ef hægt er að færa runnann án þess að hann eyðileggist. Annars gæti hentað að setja hjólastíginn hinum megin við runnann. Seinni möguleikinn hefur þann kost að færa hjólastíginn fjær rauða húsinu og auka þar með sýnileika.



Viðauki 2: Hjólavísar

Lagt er til að málaðir verði hjólavísar á eftirfarandi götur.

Ísafjörður

- Árholt
- Ásgeirsgata
- Engidalshringurinn
- Fjarðarstræti
- Hafnarstræti frá Austurvegi niður á Silfurtorg
- Hlíðarvegur
- Holtabraut
- Seljalandsdalur
- Sindragata
- Skógarbraut
- Suðurgata
- Sundstræti
- Tungubraut
- Urðarvegur

Hnífsdalur

- Bakkavegur
- Dalbraut
- Heiðarbraut
- Hreggnasi
- Skólavegur

Pingeyri

- Aðalstræti
- Brekkugata
- Fjarðargata
- Hafnarstræti

Suðureyri

- Aðalgata
- Eyrargata
- Túngata

Flateyri

- Brimnesvegur
- Hafnarstræti
- Tjarnargata


Viðauki 3: Kort



Hnífsdalur




Suðureyri




Flateyri



Þingeyri



Skutulsfjarðareyri



Botn Skutulsfjarðar